

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu Austur-Héraðs, Fellahrepps og Norður-Héraðs í eitt sveitarfélag.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 10. ágúst 2004 staðfest sameiningu Austur-Héraðs, Fellahrepps og Norður-Héraðs, í umdæmi sýslumannsins á Seyðisfirði, í eitt sveitarfélag.

Í atkvæðagreiðslu sem fram fór 26. júní 2004 lýsti meirihluti íbúa Fellahrepps, Norður-Héraðs og Austur-Héraðs sig hlynntan því að sveitarfélögin sameinuðust ásamt Fljótsdalshreppi í eitt sveitarfélag. Þrátt fyrir að sameiningartillagan hafi ekki hlotið samþykki íbúa Fljótsdalshrepps hafa sveitarstjórnir sveitarfélaganna þriggja ákveðið, með vísan til 2. mgr. 91. gr. sveitarstjórnarlaga, að sameina þau sveitarfélög sem samþykktu tillöguna. Ráðuneytið telur skilyrði vera fyrir hendi til sameiningar sveitarfélaganna þriggja samkvæmt fyrrgreindu lagaákvæði og er því fallist á beiðni sem undirrituð er af oddvitum sveitarfélaganna, dags. 4. ágúst 2004, þar sem óskað er eftir því að ráðuneytið staðfesti sameininguna.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga skal taka gildi hinn 1. nóvember 2004.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum þremur sveitarfélögum.

Íbúar sveitarfélaganna þriggja skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum þremur sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn allra sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags 16. október 2004, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum, og varir kjörtímabil nýrrar sveitarstjórnar fram að almennum sveitarstjórnarkosningum árið 2006.

Kjósa skal ellefu fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar þrjár kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar nema annað verði ákveðið.

Nefnd sem sveitarstjórnirnar skipa sameiginlega mun gera tillögu til nýrrar sveitarstjórnar um nafn á nýju sveitarfélagi. Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. ágúst 2004.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.